

# Knapamerki 1



# Efnisyfirlit

<b>1. kafli. Atferli, eðli og hegðun hestsins</b>	<b>4</b>	<b>7. kafli. Að beisla hest og leggja á hann hnakk</b>	<b>36</b>
Hesturinn er hópdýr.....	4	Svona lítur hesturinn út með fullum reiðtygjum.....	36
Flóttæðli.....	6	Að leggja hnakkinn á.....	37
Skynfæri hestsins.....	6	Að beisla hestinn.....	38
Sjón.....	6		
Heyrn.....	8	<b>8. kafli. Farið á og af baki</b>	<b>40</b>
Lykt.....	9	Farið á bak.....	41
Bragð.....	10	Farið af baki.....	43
Snertiskyn.....	10		
		<b>9. kafli. Áseta</b>	<b>44</b>
<b>2. kafli. Helstu heiti á líkama hestsins</b>	<b>11</b>	Af hverju er góð áseta mikilvæg?.....	44
Líkamshlutar hestsins.....	11	Öndun.....	45
		Líkamsbeiting, jafnvægi og einbeiting knapa.....	46
<b>3. kafli. Knapinn, búnaður hans og öryggi</b>	<b>12</b>	Hnakkurinn hefur áhrif á ásetu knapans.....	46
Hjálmur.....	12	Hlutlaus áseta.....	47
Fatnaður.....	12	Hálflétt áseta.....	47
		Lóðrétt áseta.....	48
<b>4. kafli. Gangtegundir íslenska hestsins</b>	<b>14</b>	Sæti – mjaðmagrind.....	49
Gangtegundir.....	14	Fætur.....	50
Fet.....	15	Efri hluti líkamans.....	50
Brokk.....	15	Að fylgja hreyfingum hestsins.....	51
Stökk.....	16	Ásetugallar og vandamál.....	51
Tölt.....	17	Stóláseta.....	52
Skeið.....	17	Framhallandi áseta.....	52
Hreyfistig gangtegunda.....	18	Skökk áseta.....	53
		Létt áseta.....	53
<b>5. kafli. Umgengni við hesta</b>	<b>19</b>	Stígandi áseta á brokki.....	54
Leiðtogahlutverk.....	19	Gangtegundin brokk.....	54
Hesthúsið og umhverfi hestsins.....	20	Að stíga brokkið.....	55
Að nálgast hest.....	21	Að þekkja skástæðurnar.....	56
Að mýla hest.....	21	Að skipta á skástæðum á brokki.....	56
Að teyma hest á eftir sér á múl eða beisli.....	22	Ávinningur af því að nota stígandi ásetu á brokki.....	57
Að teyma hest á beisli við hlið.....	24		
Að binda hest.....	26	<b>10. kafli. Taumhald</b>	<b>58</b>
Að kemba hesti.....	27	Rétt taumhald.....	58
Að taka upp fætur og hreinsa hófa.....	28	Rangt taumhald.....	59
Að hreinsa hóf.....	28	Að stytta í taumnum.....	60
Að taka upp framfót.....	29	Taumbrú.....	61
Að taka upp afturfót.....	30		
Að sleppa hesti.....	30	<b>11. kafli. Ásetuæfingar í hringteymingu</b>	<b>62</b>
		Markmið ásetuæfinga.....	62
<b>6. kafli. Reiðtygi og umhirða þeirra</b>	<b>31</b>	Jafnvægi knapa og hests.....	62
Beisli.....	31	Æfingar í hringteymingu.....	63
Mél.....	31	Öryggi og aðstæður.....	64
Reiðmúlar.....	33	Nokkrar algengar æfingar.....	65
Hnakkur.....	34		
Umhirða reiðtygja.....	35	<b>12. kafli. Gengið frá hesti og búnaði að loknum reiðtíma</b>	<b>73</b>
Að bera á leður.....	35	Ítarefni.....	75


## 5. kafli *Umgengni við hesta*

Nú til dags er tilgangurinn með samskiptum manns og hests bæði gagn og gaman. Þess vegna þarf í allri umgengi við hestinn að hafa eðli hans í huga við ólíkar aðstæður. Geti hestur t.d. ekki flúið hugsanlega hættu þá reynir hann ef til vill að verja sig. Eins og fram hefur komið í umfjölluninni hér að framan þá skynjar hesturinn veröldina öðruvísi en maðurinn. Hann sér hreyfingar mun betur en maðurinn, sér kyrrstæða og smáa hluti óskýrar en hann og heyrir hljóð sem maðurinn heyrir ekki. Þess vegna valda snöggar og tíðar hreyfingar ótta hjá hestum sem og óvænt eða óþekkt hljóð, sérstaklega við ókunnar aðstæður.

Hluti af samskiptum mannsins við hesta er að fá þá til að treysta sér og undirbúa þá fyrir reið. Kannanir sýna að allt að því tíunda hvert slys sem verður í hestamennsku verður í umgengi við hestinn, þ.e. þegar honum er náð, kembt eða sleppt. Því er nauðsynlegt að hafa nokkrar umgengnis- og öryggisreglur í huga við meðhöndlun hesta og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

### Leiðtogahlutverk

Eins og áður hefur komið fram þá er hesturinn hópdýr sem oftast hefur vanist því að hafa leiðtoga til að treysta og fylgja. Sumir hestar sem maðurinn tekur í þjónustu sína hafa verið háttsettir eða jafnvel leiðtogar sjálfir í stóðinu. Til þess að hægt sé að ná árangri með hestinn, umgangast hann á öruggan máta, teyma hann, meðhöndla og nota til reiðar þarf maðurinn að ávinna sér þann sess að vera leiðtogi hans. Það gerir maðurinn með því að nálgast hestinn á hans forsendum, skilja atferli hans og haga nálgun sinni samkvæmt því. Ef hesturinn hefur samþykkt manninn sem leiðtoga þá liður honum ekki illa, heldur veitir leiðtoginn honum öryggiskennd og traust og hann fylgir honum sátttur og rólegur. Ef þetta leiðtogahlutverk er hins vegar ekki á hreinu þá verður hesturinn óöruggur og hræddur eða yfiringangssamur og frekur. Það er því mjög mikilvægt að í allri umgengi við hestinn sé maðurinn meðvitaður um að byggja upp leiðtogahlutverkið gagnvart honum og axla jafnframt þá ábyrgð sem því fylgir. Til þess að ávinna sé traust og virðingu hestsins þarf maðurinn ætíð að vera sjálfum sér samkvæmur. Hann þarf að vera sanngjarn við hestinn en jafnframt að krefjast virðingar með því að senda skýr skilaboð til hans. Síðar í Knapamerkjunum verður fjallað nánar um atferli, skap og skynjun hestsins.



Traust og velliðan eru grundvallaratriði þess að hægt sé að hafa jákvætt og árangursríkt samstarf við hestinn.



Sanngjarn leiðtogi - sátttur hestur